



BLÓMLEGAR BYGGÐIR

Nr	Matsþættir að hve miklu leyti á eftirfarandi við?	Vægi
1	Lýsing á verkefninu er skýr og greinargóð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Við lestur umsóknar er skýrt hver væntur árangur verkefnis er og miklar líkur á að hann náist.	15%
2	Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkbættir og vörður eru vel skilgreindar. Tímaáætlun er trúverðug, tekur á áskorunum sem upp geta komið og er mjög líkleg til að standast.	10%
3	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar eða mjög líkleg til að ganga eftir.	10%
4	Verkefnið styður mjög vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær tilgreindum markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á samfærandi hátt. Verkefnið er líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg og/eða umhverfisleg áhrif .	30%
5	Hlutverk teymisaðila eru vel skilgreind og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.	10%
6m	Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni, frumsköpun, sem hefur mjög jákvæð áhrif samfélag og/eða menningarlíf svæðisins.	10%
7m	Verkefnið hefur mikil áhrif á listrænt/menningarlegt gildi eða samfélagsleg gæði svæðisins.	15%

Nr	Matsþættir	Vægi	10-8 stig	7-4 stig	3-0 stig
1	Lýsing á verkefninu	15%	Lýsing á verkefninu er skýr og góð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Fram kemur væntur árangur verkefnis og góðar líkur á að hann náist	Lýsing á verkefninu er ásættanleg. Lýsing á markmiðum og afurð verkefnis er til staðar. Væntanlegur árangur mætti vera betur skilgreindur.	Lýsingu á verkefninu er ábótavant. Markmið og afurð eru ekki nægilega skilgreind. Væntur árangur er óljós og takmarkaðar líkur á að hann náist.
2	Verk- og tímaáætlun	10%	Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkefni eru vel skilgreindir. Tímaáætlun er trúverðug og raunsæ og hugað er að áskorunum sem upp geta komið.	Verk- og tímaáætlun er ásættanleg. Verkefni eru til staðar en mættu vera skýrari og betur skilgreindir. Tímaáætlun er í lagi en tekur ekki á áskorunum sem upp geta komið.	Verk- og tímaáætlun er gróf og frekar óljós. Ólíklegt er að verkefnið vinnist og klárast samkvæmt áætlun.
3	Kostnaðaráætlun	10%	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar og líkleg til að ganga eftir	Kostnaðaráætlun og fjármögnun er ásættanleg en mætti vera betur unnin.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun eru grófar og vantar upp á trúverðugleika.
4	Tengsl við Sóknaráætlun	30%	Verkefnið styður vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á sannfærandi hátt. Verkefnið er líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg og/eða umhverfisleg áhrif.	Verkefnið styður að nokkru leyti við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess samræmist markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn. Nokkrar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum og/eða umhverfislegum áhrifum af verkefninu.	Verkefnið fellur ekki að markmiðum eða framtíðarsýn Sóknaráætlunar.
5	Hæfni/samstarf	10%	Hlutverk teymis/samstarfsaðila eru vel skilgreind og líkleg til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem geta leitt til ávinnings fyrir alla aðila.	Hlutverk teymis/samstarfsaðila er lítillega skilgreint og kann að hafa jákvæð áhrif.	Hlutverk teymis/samstarfsaðila er lítt skilgreint og samstarf óverulegt.
6m	Nýnæmi	10%	Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni, frumsköpun eða jákvæð áhrif á menningarlíf eða samfélag.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til svæðisins eða nærumhverfis.	Lítið nýnæmi felst í verkefninu.
7m	Menningarlegt og samfélagslegt gildi	15%	Verkefnið hefur mikil áhrif á menningarlegt gildi, samfélagsleg gæði eða lýðheilsu íbúa svæðisins.	Líkur eru á jákvæðum áhrifum af verkefninu á menningarlegt gildi, samfélagsleg gæði eða lýðheilsu íbúa svæðisins.	Lítill eða óljós áhrif eru á menningarlegt gildi, samfélagsleg gæði eða lýðheilsu íbúa svæðisins.

Ef umsókn fær 0 stig fyrir einhverjum af þremur fyrstu liðunum telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.